

Bakgrunnur og umfang

Þessi yfirlýsing er gefin út af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins („LSR“ eða „sjóðurinn“).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessi yfirlýsing lýsir því hvernig áhættu tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðunarferli LSR samkvæmt 3. grein SFDR.

Þessi yfirlýsing tekur gildi 1. júní 2023. Hún er endurskoðuð að lágmarki einu sinni á ári.

UFS sambætting og áhættu tengd sjálfbærni

Til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir séu byggðar á alhliða upplýsingum, leitast LSR við að fella inn UFS-þætti við greiningu fjárfestinga með svokölluðu UFS-mati. UFS-mat LSR byggist á upplýsingum frá greiningar- og matsfyrirtækjum sem sérhæfa sig í að safna og meta UFS-upplýsingar. LSR hefur verið í samstarfi við fyrirtækið Reiton sem framkvæmir UFS-áhættumöt fyrir innlend félög og útgefendur fjármálagerninga og alþjóðlega matsfyrirtækið Sustainalytics hjá Morningstar sem framkvæmir ítarlega UFS-áhættugreiningu á fyrirtæki og sjóði á heimsvísu.

Skimunarferli er til staðar við mat á fjárfestingum sem byggir á viðmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér, en hann horfir jákvæðum augum til þeirra útgefanda sem horfa til UFS-þátta í starfsemi sinni. Í samræmi við gildandi sjálfbærnistefnu og eigendastefnu sjóðsins gerir LSR þá kröfu að fyrirtæki sem hann fjárfestir í starfi í samræmi við samfélagsleg gildi, viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og sýni ábyrgð í umhverfismálum.

Sambætting áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir

LSR leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Þetta felur í sér að við skoðun á fjárfestingakostum er m.a. tekið tillit til umhverfismála, félagslegra þátta ásamt stjórnarháttum við mat á fjárhagslegri áhættu. Áhættu tengd sjálfbærni er því höfð til hliðsjónar í fjárfestingarákvörðunarferlinu ásamt hefðbundinni fjárfestingaráhættu. Hvernig sjálfbærniáhættusjónarmið eru sambætt í fjárfestingarákvarðanir er mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestinga eftir því hvað við á hverju sinni og fer jafnframt eftir aðgengi að upplýsingum. Sérstakt áhættumat tengt sjálfbærni hefur ekki verið innleitt, en sjóðurinn tekur aftur á móti tillit til þeirra upplýsinga um sjálfbærniþætti sem liggja fyrir við almennt áhættumat fjárfestinga.

Í ákvarðanatökufæri fjárfestinga eru eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar við mat á áhættu tengda sjálfbærni:

- Tryggt er að sjóðstjórar og greinendur innan LSR hafi aðgang að viðeigandi UFS-upplýsingum sem til staðar eru.

- Áhætta tengd sjálfbærni er greind með áreiðanleikakönnun sem framkvæmd er í fjárfestingarákvörðunarferli sjóðsins.
- Við val á verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum er nálgun sjóðanna á sjálfbærni skoðuð og hvort þeir flokkist sem 6. gr., 8. gr. eða 9. gr. sjóðir samkvæmt SFDR reglugerð.

6. gr. : sjóðir sem samþætta ekki sjálfbærni í fjárfestingaferli

8. gr. : sjóðir sem efla umhverfislega og félagslega þætti

9. gr. : sjóðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

LSR leggur áherslu á að fjárfesta í 8. gr. og 9. gr. sjóðum.

- LSR hefur skrifað undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til UFS þátta við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna skal LSR m.a. beita sér fyrir viðurkenningu á þeim í almennri fjárfestingastarfsemi og starfa með öðrum fjárfestum til að auka þekkingu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar.

Áhættustýring sinnir eftirliti með fjárfestingum á grundvelli áhættustefnu og sjálfbærnistefnu sjóðsins. Komi upp frávík frá fyrrgreindum stefnum er sjóðstjórum gert viðvart og gripið til viðeigandi ráðstafana. Getur það verið allt frá því að kalla eftir frekari upplýsingum frá útgefanda/félagi að því að selja niður eignir. Fer það eftir eðli frávíksins.

Nánari upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.lsr.is.

Breytingaskrá

Dagsetning	Útgáfunúmer	Athugasemdir/breytingar
1.júní 2023	1.0	Yfirlýsing vegna samþættingar á áhættu tengdri sjálfbærni í ákvarðanatökuférlu fjárfestinga gefin út.